



Stjórnarfundur DSÍ 6. mars 2024 kl. 21:20 Haldinn í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, aðstöðu DSÍ.

Mættir: Helga Björg Gísladóttir formaður, Atli Már Sigurðsson, Ólafur Már Hreinsson, Kara Arngrímsdóttir mætti kl. 21.30 , Árni Sigurgeirsson, Þórunn Anna Ólafsdóttir og Svava H. Friðgeirsdóttir

Forföll:

Gestir:

1. NEC (Norður Evrópumótið) – Pólland, Þýskaland, Litháen, Lettland, Eistland, Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk og Ísland.

Umræður voru um kostnað s.s. farmiðar, gisting, uppihald, keppnisstað og staðsetningu mótsins. Stjórn sammála um að afsala mótinu af sér. Helga sendir ákvörðunina til aðildarlanda.

2. Uppgjör síðustu móta

Farið var yfir bráðabirgðauppgjör af RIG og Febrúarmótinu. Rætt um að koma á aðgöngueyri fyrir mót. Ljóst er að til að keppni standi undir sér þá þarf að finna fjármögnunarleiðir.

3. Erindi frá HK (1) – Styrktarbeiðni Sólódansara A
4. Erindi frá HK (2) – Styrktarbeiðni Sólódansara B

Mál 3 og 4 afgreidd saman. Ekki eru til reglur fyrir styrki sólódansara. En klárlega þarf að skoða framtíðarfyrirkomulag styrktar beiðna vegna sólódansara. Ákveðið að skoða í hvaða styrktarflokk þessar beiðnir myndu mögulega falla hjá Afrekssjóði.

5. Erindi frá HK (3) – Framkomumál þjálfara

Ákveðið að formaður DSÍ minni félögin á síðareglur DSÍ. Minna á að samskipti um danspör og dansara skipti skulu ekki vera beint við börnin af þjálfurum heldur að samskiptin séu beint á milli foreldra og/eða þjálfara.

6. Erindi vegna IDF (Iceland Dance Festival)

Erindi um auglýsingar frá IDF á marsmóti. A5 standar á borðum og rollup. Samþykkt.

7. Landsliðstreyjur

Landsliðsnefndin hefur fengið tilboð um nýjar landsliðstreyjur.

Ákveðið að ekki að kaupa fyrir unga og efnilega eins og verið hefur.

8. Önnur mál

- a) Rædd voru félagaskiptamál. Félagaskipti ganga í gegn 20. maí ár hvert.
- b) Skartgripir. Í barnaflokkum eru einfaldir lokkar t.d. skotlokkar (s.s. mánaðarsteinar) eru leyfðir en hangandi og hringir eru ekki leyfðir.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 23.20

Fundagerð ritaði Svava Halldóra Friðgeirsdóttir